

**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 4. bekkur
skólaárið 2018 – 2019**



Kennari: Ásta Sigurlaug Tryggvadóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • öðlist skilning á því, að hvaða leyti fjölskyldan er grunneining í samfélagi með réttindum og skyldum sem að þeim snúa • geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í fjölskyldum, húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld • þekki nokkra drætti í breyttri stöðu kynjanna, barna, unglunga og aldraðra og geti rætt hvernig þessar breytingar koma fram í fjölskyldum • beri fjölskyldulíf nú hér á landi saman við það sem gerist annars staðar og á öðru tímaskeiði sögunnar 	<p>Kennslan miðar að því að nemendur öðlist skilning á sjálfum sér í samfélaginu. Réttindi og skyldur fjölskyldna fyrr á öldum og hvernig þróunin hefur verið til dagsins í dag.</p>	<p>Símat.</p>

Skóli og heimabyggð:	<ul style="list-style-type: none"> • þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistarskóla • þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar og skólaþróunar. 	Saga Gerðaskóla skoðuð og gengið að þeim stað sem fyrsta skólahúsnæðið stóð.	Símat.
Íslenskir þjóðhættir:	<ul style="list-style-type: none"> • þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrr á öldum • kynnist gamla tímatalinu og orðaforða í bústörfum og veðri því tengdu • geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld 	Myndbandið um þjóðsöguna Dugguhólufólkið skoðuð og rædd. Unnið með gamla tímatalið, nemendur máta það við afmælisdaga sína. Myndir skoðaðar af klæðaburði fólks á síðustu öld og meti breytingarnar sem og á fæðuvali, húsakostum ofl. Skoðað verður hvað hafið og lega landsins hefur haft að segja um lífsafkomu þjóðarinnar fyrr og nú	Símat.
Trúarbrögðin okkar:	<ul style="list-style-type: none"> • kynnist fimm trúarbrögðum, búddatrú, hindúatrú, kristni, íslam og gyðingdómi og siðum og venjum þeirra • þekki til guðsmyndar og trúariðkunar í fyrrnefndum trúarbrögðum • átti sig á því að við getum umgengis, verið vinir og 	Fjölbreytileiki trúarbragða skoðaður og unnið út frá siðfræði þeirra.	Símat.

	<p>samt haft ólíka siði, venjur og trú</p> <ul style="list-style-type: none"> • kunni skil á helstu kirkjulegum athöfnum, svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og útför • þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra, læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra 		
Saga mannkyns:	<ul style="list-style-type: none"> • beri saman ólík menningarsvæði í heiminum, t.d. í köldu og heitu loftslagi • nemandi geti sagt frá og rætt hugmyndir manna um upphaf og þróun mannsins • kynnist dæmum um fornleifar og fornminjar og meti hvaða upplýsingar þær geta veitt um sögu mannsins og menningu fornaldar • geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f. Kr. og e. Kr. 	Myndbandið “Einu sinni var” ferðasaga um Mannkynið sýnd og rædd þegar við á.	Símat.

Námsgögn: Komdu og skoðaðu Íslenska þjóðhætti, Komdu og skoðaðu Sögu mannkyns og Trúarbrögðin okkar. Að auki verður unnið með grenndarkennsluverkefni, Gerðaskóli í 130 ár (saga skólans) myndbönd, sögur og ævintýri.			
Lokanámsmat: Símat þar sem vinnubækur, tjáning, frumkvæði, dugnaður, ábyrgð, iðni, samskipti og samvinna skipta öllu. Nemendur meta einnig vinnu sína skriflega og jafningjamat þar sem við á.			